



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
Directorate of Health



Félag íslenskra  
öldrunarlækna

## FAGLEGAR LÁGMARKSKRÖFUR

Samkvæmt lögum um landlækni nr 41/2007, 6. grein

### Öldrunarlækningar

<b>Flokkur heilbrigðisþjónustu</b>	Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna.
<b>Tegund þjónustu</b>	<p>Móttaka öldrunarlæknis á stofu og vitjanir á heimili. Eftir því sem við á einnig samskipti við aðstandendur og aðra meðferðaraðila svo sem heimilislækna, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa, sjúkra- og iðjupjálfa.</p> <p>Ráðgjafarþjónusta við hjúkrunarheimili og aðrar stofnanir t.d. varðandi, stefnumótun, endurhæfingu, lyfjaumsjá, sýkingarvarnir, byltu- og beinvernd, greiningu og meðferð atferlistruflana, rugls, þvagleka, líknarmeðferð, gæðæftirlit og fræðslu starfsstétta.</p>
<b>Samskipti við sjúklinga</b>	<p>Lækni ber að sýna skjólstæðingum sínum kurteisi og virðingu og starfa í samræmi við lög og reglugerðir og góða starfshætti lækna. Honum ber að upplýsa sjúklinga sína í samræmi við lög og viðteknar venjur í heilbrigðiskerfinu og gefa þeim kost á að taka þátt í ákvörðunum er þá varða auk þess að gera sjúklingum grein fyrir bið eftir meðferð og kostnaðarhlutdeild þeirra þegar það á við. Ennfremur að upplýsa sjúklinga um réttindi þeirra og gæta þagnarskyldu.</p>

<b>Skráning</b>	Læknir skal færa sjúkraskrá samkvæmt lágmarkskröfum landlæknis og fylgja lögum og reglugerðum um persónugreinanlegar upplýsingar. Þar sem við á skal nota þau flokkunarkerfi sem Landlæknisembættið kveður á um. Æskilegt er að sjúkraskrá sé færð á rafrænu formi. Rafræn skráning skal vera skilgreind og lýsing á ferlinu um hvernig aðgangsstýringu er háttáð, afritun og varðveisla gagna skal liggja fyrir. Persónugreinanlegar upplýsingar skulu ekki vera aðgengilegar öðrum en þeim sem sinna meðferð sjúklings. Atvikaskráning lýtur lögum og tilmælum landlæknis. Geymsla og eyðing gagna skal vera tryggð í samræmi við leiðbeiningar landlæknis um öryggi sjúkragagna.
<b>Símenntun</b>	Sérfræðilæknir skal viðhalda faglegri þekkingu og færni með símenntun. Hann skal kynna sér þróun fagsins í fagtímaritum, sækja fyrirlestra og ráðstefnur.
<b>Mönnun</b>	Lækni er frjálst að ráða til sín starfsfólk til aðstoðar sem skal vera menntað í samræmi við það starf sem því er ætlað. Skal starfsfólk hlíta sömu kröfum um umgengni við sjúklinga og læknar gera og gæta þagmælsku. Allt aðstoðarfólk á læknastofum sérfræðinga starfar á ábyrgð viðkomandi læknis nema sérlög bjóði annað. Mönnun á starfsstöð sérfræðilæknis skal vera með þeim hætti að öryggi sjúklinga sé gætt.
<b>Húsnæði</b>	Húsnæði skal vera í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlits. Húsnæði taki mið af aðgengi fyrir fatlaða.
<b>Búnaður og tækjakostur</b>	Læknir skal hafa skrifborðsaðstöðu, síma og tölvubúnað og aðstöðu fyrir fund með fjölskyldu, allt að 5 manns. Hafa skal skoðunarbekk ásamt áhöldum og tæki eftir umfangi þeirra skoðana sem þar fara fram.
<b>Gæðavísar</b>	Landlæknisembættið mun vinna með fagfélögum að því að velja gæðavísa sem endurspegla helstu áherslur í þjónustu þeirra. Dæmi um þau svið sem áhersla er lögð á: Aðgengi, upplýsingagjöf, þátttaka sjúklinga í meðferð, samfella í meðferð, læknabréf og viðhorf notenda til þjónustunnar.
<b>Gildistími</b>	Samkomulag þetta gildir frá undirskrift landlæknis og verður endurskoðað eftir 5 ár en fyrr ef forsendur þess breytast skv. mati annars hvors aðilans.

<b>Útgefið</b>	<i>Staður</i>	Seltjarnarnesi	<i>Dags.</i> 20.11.2009
<i>Undirskrift landlæknis</i>	<i>Undirskrift FÍÖ</i>		
Matthías Halldórsson	Aðalsteinn Guðmundsson		

*Þessar faglegu lágmarkskröfur eru gefnar út á rafrænu formi og birtar á vef Landlæknisembættisins.  
Þær eru unnar í samvinnu við Félag íslenskra öldrunarlækna.*